MAÐUR-INN MEÐ ÁVÍSANA-HEFTIÐ

— Þórður Árnason, gítarleikari og framkvæmdastjóri Stuðmanna, skrifar ekki ávísanir með gítarnöglinni

„Við höfum aldrei hugleitt þann möguleika að Stuðmannabókin seljist ekki," sagði Þórður Árnason, gítarleikari sveitarinnar, aðspurður hvort þeir væru ekki hræddir um að fara á hausinn. „Við Bjarmalandsmógúlarnir förum ekki að snúa tánum upp í loftið vegna stikra smámuna, það þarf meira til. Að sjálfsögðu fylgir áhættu öllum verkefnum eins og þeim sem við tökum okkur fyrir hendur, en ef menn ætla að vera 100% öruggir er náttúrlega best að gera ekki neitt. Því nennum við aftur á móti ekki."

Þórður Árnason er maðurinn sem passar upp á ávísanahefti Stuðmanna, hann er rekstrarstjóri Bjarmalands og því kemur það í hans hlut að halda aftur af framkvæmdagleði hinna Stuðmannanna. „Ég hef þurft að spyrna við fótum til að hleypa bókinni ekki upp í mörg þúsund síður. Allir vildu meira hrós um sjálfa sig en ég sagði stopp þegar lagt var til að hafa bókina í „odorama", það er að segja sérstök lykt á hverri blaðsíðu. Þá hefði verið reykelsislykt á sumum síðum, brennivínslykt á öðrum, sultulykt og guð má vita hvað. Þetta reyndist of dýrt. Allir vildu það nema ég því það er ég sem er með ávísanaheftið."

Í Stuðmannabókinni er Þórði lýst sem hálfgerðum vandræðagrip, hann henti marmelaði í félaga sína, hann mætti ekki alltaf þegar mikið stóð til og hann nennti ekki að vera í skóla. Að vísu sat hann alltaf á fremsta borði í barnaskóla „... en það var vegna nærsýni. Öðruvísi sá ég ekki hvað lærimeistarinn skrifaði á töfluna."

Sjálf er Stuðmannabókin skrifuð eftir frambærði liðsmannanna, hver þeirra var yfirheyrður einu sinni og síðan öllu blandað saman. „Það kann að vera að seinni tíma söguskoðarar komi auga á eitt og annað sem ekki stenst, en það er bara vegna þess að minnið er misgott," segir Þórður. Enda eru Stuðmenn vel við aldur, rekstrarstjórinn 31 árs, Valgeir líka, Jakob 30, Ásgeir líka og Tómas ári yngri.

Þeir ætla að halda framkvæmdum áfram svo lengi sem ávísanaheftið er til staðar. -EIR



Þórður Árnason hefur verið með biladellu frá því hann man eftir sér. Hefur alltaf átt tvo bíla (2 Skoda) en nú á hann aðeins einn Skoda og glæsilegan skutbíl, Ford Fairmont '79. „Hann eyðir 15 á hundraðið," segir Þórður. DV-mynd Bj.Bj.

Ling-ling þjáist af nýrnasjúkdómi og er vart hugað líf.

Pandabjörn Nixons liggur fyrir dauðanum

Samkvæmt upplýsingum bandarískra yfirvalda liggur annar pandabjörninn, sem kínverska stjórnin gaf Richard Nixon, fv. Bandaríkjaforseta, í kjölfar bættrar sambúðar ríkjanna, nú fyrir dauðanum í dýragarði, í Washington.

Ling-ling, en svo heitir pandabjörninn, þjáist af alvarlegum nýrnasjúkdómi og er vart hugað líf. Ling-ling er aðeins 14 ára en meðalaldur pandabjarna mun vera um 20, ár. Hinn björninn, Hsing-hsing, er aftur á móti við góða heilsu og leikur á als oddi. Þau hjónakornin urðu heimsfræg árið 1972 er þau komu til Bandaríkjanna frá Kína og fylgdist öll veröldin með tilraunum þeirra við að auka kyn sitt. Það hefur mistekist fram að þessu. Ling-ling fæddi að vísu pönduunga í júlímánuði sl. en hann lést nokkrum klukkustundum eftir fæðinguna. -EIR

Hans Quist.

Mummi meinhorn munaðarlaus

Danski teiknarinn Hans Quist lést fyrir skömmu. Hann er hvað þekktastur fyrir teikningar sínar af Mumma meinhorni sem á frummálinu heitir „Skrækkelige Olfert". Orðstír Hans Quist barst víða um lönd og þó hann sé nú fallinn frá heldur sonur hans nafni ætternisnar á lofti, Ole Quist heitir sá og er markvörður danska landsliðsins í knattspyrnu... -EIR



Mummi meinhorn og félagi.



Ragnar Bjarnason og sælgætið hans í Breiðholtinu: — Bisnessinn gengur fínt, blessaður vertu.

Raggi Bjarna selur rúsínur — o.fl.

Ragnar Bjarnason er hættur að syngja á Hótel Sögu eins og kunnugt er. „Enda tími til kominn," segir Ragnar, „ég var búinn að standa þar á sviðinu í 19 ár og mætti segja mér að það væri heimsmet — alla vega miðað við fólksfjölda."

En Ragnar er ekki atvinnulaus þó Magnús Kjartansson og hljómsveit hafi leyst hann af á Sögu. Söngvarinn hefur nefnilega opnað söluturn í Breiðholti og selur þar allar algengar tegundir sælgætis og tilheyrandi. „Ég hef komið svo víða við, verið golfslípingamaður og leigubílstjóri svo eitthvað sé nefnt og hef alls ekki í hyggju að hætta að skemmta. Ég verð á Esju í vetur með Kalla Möller og Stebba Jö. (trommur) og svo er ætlunin að ég skemmti með Bessa eftir áramót." -EIR

Leikfanga-markaður

(LEIKFANGA MARKAÐUR)

Playmobil, 86 gerðir,	frá kr. 62,-
Lego kubbakassar, 93 teg.,	frá kr. 40,-
Lego tæknilöskjur, 6 teg.,	frá kr. 365,-
Dúkkur, 16 gerðir,	frá kr. 87,-
Dúkkuvagnar, 3 gerðir,	frá kr. 840,-
Dúkkukerrur, 2 gerðir,	frá kr. 621,-
Bollastell 8 teg.,	frá kr. 146,-
Tonka bílar 19 teg.,	frá kr. 172,-
Fisher Price sími	frá kr. 270,-
Fisher Price strætisvagn	frá kr. 272,-
Fisher Price bor-sett,	frá kr. 856,-
Matchbox bílar, margar gerðir,	frá kr. 40,-
Matchbox módel, margar gerðir,	frá kr. 55,-

Fyrir yngstu börnin, leikföng frá Kiddicraft, Matchbox, Fischer Price, Educalux og Playschool.

DOMUS

KAUPFÉLAG REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

JÓLATILBOÐ

Baldwin

Verð sem erfitt er að trúa – en er samt rétt.

Baldwin Orgel

2 borð og pedall með innibyggðum skemmtara



Verð frá kr. 23.500.- STG. Verð

Opið frá kl. 13–18

Hljóðfæraverslun PÁLMARS ÁRNA HF ÁRMÚLA 38 — SÍMI 32845

FÁLKINN

ER REIÐUBÚINN AÐ VEITA ÞÉR ÞÁ ÞJÓNUSTU SEM ÞÚ ÓSKAR EFTIR.




Classic Nouveau er í mikla stuði á plötunni „Secret". Fetta er fimmréttaplata. Verð 299,00.



The Jam er rosaleg góð á þessari sem heitir „Snap". Öll bestu Jam-lögin eru hér samankomin. Fetta er ein potþéttasta plata ársins.



Jucie Newton hefur breytt um stíl og er hár með sína síðu, alles bestu plöturnar til þessa, sem heitir „Dirty Looks." Verð 399,00.



Hard Rock '83. Þungarokkarar gleðjast yfir þessari snilldar safnplötu. This Lizzy, Kiss, DIO, Black Sabbath og Fabi. Verð 299,00.



ABC. ABC er komin með sína aðra plötu. Sú fyrri gerði stormandi lukku, þessi á eftir að gera það enn betur. Verð 399,00.



DIO „Holy Diver" er hér með sína potþéttustu þungarokkplötu ársins, hann gerði það gott með „Black Sabbath" og gerir það enn betur hér. Verð 399,00.



Helix, upphitunarhljómsveit Kissstráksanna, gefur þeim ekkert eftir, þetta eru eftirtakar Kiss, vert þú með frá byrjun. Verð 399,00.



Nýjasta plata „Style Council" er komin, öll bestu lög „Style Council" eru á henni þessari. Verð 349,00.



Jón Gústafsson er „Fýsíu" á sólóplötunni sinni. Fetta er ómótstæðileg blanda af rokki og rómantík. Verð 399,00.



Rainbow. Rainbow er loksins komin aftur í verslanir. „Streets of dream" er að gera það gott um þessar mundir. Verð 399,00.

VERTU EKKI AÐ HENDAST ÚT UM ALLAN BÆ, KAUPTU PLÖTURNAR Í FÁLKANUM.

FÁLKINN®

LAUGAVEGI 24 S. 18670
AUSTURVERI S. 33360
SUÐURLANDSBRAUT 8 S. 84670

PÓSTKRÖFUSÍMI 85149